

Sp.

886. Nefndarálit

[56. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur til úrbóta.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og farið yfir umsagnir sem bárust um samhljóða tillögu sem flutt var á síðasta þingi. Þessar umsagnir eru frá fjármálaráðuneytinu, skattrannsóknarstjóra, Lands sambandi iðnaðarmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Í umsögn skattrannsóknarstjóra segir m.a.:

„Af þessu tilefni leyfi ég mér að vekja athygli nefndarinnar á samþykkt Alþingis á s.l. vori (þ.e. vorið 1984) á tillögu til þingsályktunar á úttekt á umfangi skattsvika, 169. mál. Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði fjármálaráðherra nú í vetur (þ.e. 1984–85) fimm manna starfshóp til þess að vinna að nefndri úttekt. Mér er kunnugt um að sá starfshópur hefur þegar haldið allmarga fundi. Hætt er við að starf nefndar, er hér er gerð tillaga um, mundi verða það sama og nefnds starfshóps er nú starfar og leiða til tvíverknaðar. Ég tel rétt að vekja athygli á þessu atriði, en vil þó jafnframt taka það fram að ég er í meginatriðum samþykkur þeim sjónarmiðum er að baki tillögunnar liggja.“

Svipuð sjónarmið komu og fram í umsögn fjármálaráðuneytisins.

Að þessum sjónarmiðum fengnum taldi nefndin rétt að kynna sér nánar starf starfshópsins en formaður hans er Pröstur Ólafsson. Ljóst er að starfshópurinn hefur tekið til meðferðar „svarta atvinnustarfsemi“ þótt viðfangsefni hans hafi verið mun víðtækara. Hefur nefndin haft tækifæri til að kynna sér efni skýrslu starfshópsins og lauk hún störfum fyrir örfáum dögum. Skýrslan verður lögð fyrir Alþingi á næstu dögum og verður að öðru leyti til meðferðar hjá ríkisstjórninni. Rétt er að þingsályktunartillaga þessi verði tekin til umræðu og meðferðar í ríkisstjórninni í tengslum við afgreiðslu hennar á skýrslu þessari.

Með tilvísun til þess, sem að ofan greinir, leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til **ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Pórarinn Sigurjónsson.

Kristín Halldórsdóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Eggert Haukdal.

Björn Dagbjartsson.